

Á brún hengiflugsins?

Málþing um umhverfis- og loftslagsmál á Akureyri

Hömrúm, Menningarhúsinu Höfi, 4. nóvember 2023, kl. 14:00-17:00.

Málþing á vegum Akureyrarbæjar og AkureyrarAkademíunnar um stefnu Akureyrarbæjar í umhverfis- og loftslagsmálum með áherslu á útblástur gróðurhúsalofttegunda, breyttar ferðavenjur, aukna nýtingu á innlendri orku, minni sóun og meiri endurvinnslu.

Markmið málþingsins er að skapa vettvang fyrir opið samtal og skoðanaskipti um umhverfis- og loftslagsmálin hér í bænum, stuðla að aukinni þekkingu og vitund um þau og virkja bæjarbúa til þátttöku.

Hver er staðan hér á Akureyri í umhverfis- og loftslagsmálum, hvað gengur vel og hvað þurfum við sem samfélag að gera betur til að takast á við loftslagsvána?

Málþingsstjóri er Silja Jóhannesar Ástudóttir, samskiptastjóri Háskólans á Akureyri.

Dagskrá

Kl. 14:00 – *Ávarp* - Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Kl. 14:15 – *Inngangserindi*.

Rut Jónsdóttir, umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar: *Stefna Akureyrarbæjar í umhverfis- og loftslagsmálum og mat á stöðunni*.

Stefán Gíslason, stofnandi og eigandi UMÍS ehf. Environice: *Tölulegar upplýsingar um frammistöðu Akureyrarbæjar í loftslagsmálum og mat á stöðunni*.

Kl. 14:45 – *Pallborðsumræður I. Hver er sýn ungs fólks á umhverfis- og loftslagsmálin? Hvernig er staðan? Hvað þarf að gera og hvernig?*

Þátttakendur:

Angantýr Ómar Ásgeirsson, nemandi Háskólanum á Akureyri

Anton Bjarni Bjarkason, ungmennaráði Akureyrarbæjar

Heimir Sigurpáll Árnason, ungmennaráði Akureyrarbæjar

Hrafnhildur Fönn Ingjaldsdóttir, nemandi Háskólanum á Akureyri

Lilja Dögun Lúðvíksdóttir, ungmennaráði Akureyrarbæjar

Telma Ósk Þórhallsdóttir, ungmennaráði Akureyrarbæjar

Spurningar úr sal.

Kl. 15:40 – Kaffihlé

Kl. 15:55 – *Pallborðsumræður II. Lagt mat á stöðuna og horft fram á veginn. Hvað hefur málþingið sagt okkur? Hvað þarf að gera og hvernig?*

Þátttakendur:

Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir, varabæjarfulltrúi

Hallgrímur Gíslason, öldungaráði Akureyrarbæjar

Hilda Jana Gísladóttir, bæjarfulltrúi

Ottó Elíasson, framkvæmdastjóri Eims

Rakel Hinriksdóttir, formaður SUNN

Rut Jónsdóttir, frummælandi

Stefán Gíslason, frummælandi

Spurningar úr sal.

Pallborðsumræðum stýra Valgerður H. Bjarnadóttir, sjálfstætt starfandi fræðikona, og Þórgnýr Dýrfjörð, forstöðumaður atvinnu- og menningarmála hjá Akureyrarbæ.

Kl. 16:50 – Málþingsslit.